

# Bekkjarnámskrá

## 4. bekkur

2020-2021



## Bekkjarnámskrá 4. bekkjar

- Umsjónarkennarar:** Árný Herbertsdóttir og Ástrún Jakobsdóttir  
**Sérkennarar:** Iwona Maria Samson, Kristín Ólafsdóttir,  
Laufey Eypórsdóttir  
**Stuðningsfulltrúar:** Bergþóra Borgarsdóttir, Grétar Friðriksson og  
Þóra Steinunn Gunnarsdóttir  
**Kennsluaðstæður:** Í 4. bekk eru 44 nemendur, kennt er í stofum 110 og 111.

### Íslenska

**Kennarar:** Árný Herbertsdóttir og Ástrún Jakobsdóttir

**Lestur og lesskilningur:**

**Markmið:** Stefnt er að því að allir nemendur verði vel læsir og geti lesið margs konar texta sér til gagns og ánægju. Áhersla verður lögð á góðan og skýran framburð jafnt í upplestri sem í tali. Nemendur flytja texta fyrir áheyrendur. Nemendur eru hvattir til að temja sér bóklestur og gera hann að sjálfsögðum hluta daglegs lífs. Stefnt er að því að 90% hafi náð 80 orðum, 50% 120 orðum og 25% 145 orðum á mínútu í lestrarleikni að vori.

**Námsefni:** Sögusteinn og lestrarbækur, Lesrún 1 og 2, ýmsir textar að eigin vali eða valdar af kennurum, vinnubækur og verkefni.

**Hljóðlestur:** Áhersla verður lögð á að nemendur lesi í hljóði, bækur að eigin vali, í skólanum. Þeir eru einnig hvattir til að lesa í hljóði heima.

**Námsmat:** Lesfimiþróf er þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí. Prófað er fimm sinnum fyrir þá nemendur sem ekki hafa náð lágmarksviðmiði, þá eru prófin í nóvember og mars. Lesskilningspróf er á haust- og vorönn. Framsagnarpróf er á vorönn.

**Skrift og ritun:**

**Markmið:** Nemendur þjálfist í að skrifa margs konar texta frá eigin brjósti eða eftir heimildum. Nemendur geti skrifað læsilega og áferðarfallega ítalska skrift og þjálfist í að skrifa tengda skrift. Nemendur leggi sig fram um að stafsetja rétt og skrifi daglega í skólanum.

**Námsefni:** Ritun er m.a. æfð með því að skrifa sögur, endursagnir og frásagnir af ýmsum toga.

**Viðfangsefni:** Auk þess eru notaðar bækurnar *Ítalíuskraft*, *Skrift* o.fl. Unnið er með vísur og ljóð.

**Námsmat:** Skriftarprófað er að vori. Ritun prófuð að vori.

**Heimavinna:** Nemendur eiga að lesa upphátt heima a.m.k. 5 sinnum í viku í 15 mínútur í senn.  
Nemendur þjálfra skrift og fá stundum einstaklingsmiðuð heimaverkefni sem tengist námsefni vikunnar.

## **Stærðfræði**

**Kennarar:** Árný Herbertsdóttir og Ástrún Jakobsdóttir

**Námstilhögun:** Kennt í mismunandi stórum hópum eftir viðfangsefnum.

**Markmið:** Unnið verður áfram með undirstöðuatriði stærðfræðinnar, hugtök og tákni. Nemendur nái auknum tókum á samlagningu, frádrætti, margföldun, deilingu, mælingum, rúmfræði og fl. Nemendur geti fundið ólíkar leiðir við lausn verkefna, skráð niðurstöður og rætt um stærðfræðileg verkefni.

**Námsefni:** Sproti 4a og 4b ásamt æfingahefti, Húrrahefti. Verkefni frá kennurum og gagnvirkir efni.

**Námsmat:** Kaflapróf í Sprotu eftir hvern námsþátt. Próf í janúar og maí. Samræmt próf í september.

**Heimavinna:** Nemendur fá einstaklingsmiðuð heimaverkefni sem tengist námsefni vikunnar.

## **Samfélagsfræði og náttúrufræði**

**Kennarar** Árný Herbertsdóttir og Ástrún Jakobsdóttir

**Markmið:** Nemendur bæti við þekkingu sína á samfélaginu og mannkynssögunni. Nemendur læri og rifji upp helstu reglur sem gilda í umferðinni. Nemendur læri um hvali, refi og ýmsar hringrásir lífsins.

**Námsefni/** Komdu og skoðu sögu mannkynsins, þemabækurnar Hvalir og Refir. Ýmsar handbækur og verkefni útbúin af kennurum.

**Námsmat:** Verkefni sem unnin eru gilda til einkunnar auk vinnusemi, ástundun og vinnubragða.

## **Lífsleikni**

**Kennarar:** Árný Herbertsdóttir og Ástrún Jakobsdóttir

**Markmið:** Að hafa uppbyggingu að leiðarljósi, að vinna gegn einelti og efla félagsþroska nemenda. Umferðarfræðsla.

**Námsefni:** Farið yfir atriði samkvæmt uppbyggingarstefnunni.

**Námstilhögun:** Bekkjarfundir og samvera. Farið verður í ýmsar samskiptasögur, leiki og spil og ýmislegt sem þjálfar nemendur í að eiga samskipti við aðra og að koma vel fram.

**Námsmat:** Óformlegt námsmat.

## Upplýsingatækni

**Kennarar:** Árný Herbertsdóttir og Ástrún Jakobsdóttir

**Markmið:** Að nemendur geti notað ritvinnsluforrit og náð í upplýsingar af netinu. Að þeir læri rétta fingrasetningu.

Nemendur auki við þekkingu sína og notkun á bókasöfnum.

Þjálfist í notkun á stafrófinu og að fletta upp í ýmiskonar fræðiritum.

**Námstilhögun:** Unnið í tölvuveri þar sem fingrasetning er þjálfuð og undirstöðuatriði í ritvinnsluforritinu Word. Ýmis verkefni unnin á Ipad s.s. stærðfræði þjálfun, sögugerð og stafsetning.

**Námsmat:** Ekkert formlegt námsmat.

## Textílmennt

**Kennari:** Fríða Rúnarsdóttir

**Markmið:** Æfa saman hug og hönd, kynnast ólíkum efnum og áherslum, auk þess að njóta sköpunar og læra einfaldar vinnuaðferðir og vandvirkni. Efla sjálfstraust og sjálfstæði nemenda.

**Námsefni:** Nemendur læra að þrjóna garðaprjón og einnig vélsaum.

**Námstilhögun:** Kennst er í handmenntastofu í verkgreinahúsinu. Nemendur fá 4 kennslustundir á viku, 9 vikur í senn.

**Námsmat:** Vinnubrögð eru metin í maí.

## Myndmennt

**Kennari:** Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

**Markmið:** Að nemendur læri að greina og beita fjölbreyttum aðferðum og tækni. Nemendur læri að vinna með þrívídd, teikningu, málun og blandaða tækni. Efla þrautseigju og sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

**Námstilhögun:** Nemendur fá 4 kennslustundir á viku fjórðung vetrar.

**Námsefni:** Ýmis efniviður og námsgögn tekin saman af kennara.

**Námsmat:** Markmið metin við lok hvernar lotu. Lokaeinkunn byggist á símati.

## Tónmennt

**Kennari:** Árný Herbertsdóttir

- Markmið:** Að nemendur læri ýmis lög og texta. Hlusti á mismunandi gerðir tónlistar og fái að kynnast nokkrum söngvamyndum. Nemendur kynnist sérstaklega afrískri tónlist.
- Námstilhögun:** Hvorum bekk kennt fyrir sig, eina kennslustund í viku.
- Námsefni:** Nemendur útbúa sína eigin söngbók og safna í hana verkefnum frá kennara og verkefnabókina Tónlist frá Afríku.
- Námsmat:** Ekkert formlegt námsmat.

## Heimilisfræði

**Kennari:** Guðlaug Jónsdóttir

**Markmið:** Að nemendur geti:

- tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
- valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.
- farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
- tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt
- útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.
- sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.
- nýtt miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.
- sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.
- skilið einfaldar umbúðamerkingar.
- tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.

**Lykilhæfni:** að nemendur geti tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.

**Námstilhögun:** Nemendur fá 4 kennslustundir á viku fjórðung vetrar.

**Námsefni:** Kennslubók: Heimilisfræði 4.

**Námsmat:** Nemendur fá gefin tákn fyrir verkefni sem tengjast hæfniviðmiðum. Lokaeinkunn í formi bókstafs gefin að vori.

## Tæknimennt

**Kennari:** Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir (fyrri hluta vetrar) og Bjarnveig S. Jakobsdóttir (seinni hluta vetrar).

**Markmið:** Að nemendur geti:

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- framkvæmt einfaldar samsetningar.

- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- lagt mat á eigin verk.
- beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- gengið vel um smíðastofuna og taki virkan þátt í frágangi.

**Námstilhögun:** Nemendur fá 4 kennslustundir á viku fjórðung vetrar.  
**Námsefni:** Vinnulýsingar frá kennara.  
**Námsmat:** Markmið metin við lok hvernar lotu. Lokaeinkunn byggist á símati.

## Enska

**Kennarar:** Árný Herbertsdóttir  
**Markmið:** Að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt. Notuð verður tónlist, hreyfingar og ímyndun í leik. Farið yfir ýmis hugtök s.s. tölur, liti, hlutir tengdir skóla, fjölskyldu o. fl. Nemendur byrja að skrifa einfaldar setningar á ensku.

**Námstilhögun:** Kennt er einn tíma á viku.  
**Námsefni:** Speak Out. Nemendur safna verkefnablöðum í möppu.  
**Námsmat:** Ekkert formlegt námsmat.

## Íþróttir

**Kennarar:** Atli Freyr Rúnarsson, Jón Hálfán Pétursson og Pálína Jóhannsdóttir  
**Markmið:** Meginmarkmið skólaíþróttar er að stuðla að almennum hreyfiþroska, efla samvinnu og hæfileika til tjáningar og sköpunar.  
**Námstilhögun:** Hver nemandi fær 2 íþróttatíma á viku og 1 sundtíma. Kennslan fer fram í Íþróttahúsinu við Austurveg.  
**Námsmat:** Skriflegar umsagnir gefnar í samræmi við námsferil vetrarins. Mæting, framkoma og virkni einnig metin.

## Dans

**Kennari:** Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir.  
**Markmið:** Að nemendur :

- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á
- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt
- Tengir saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur

- Dansað einföld hreyfimyndur og tónlist í dans og virt samskiptareglur
- Tekið tillit til jafningja í samstarfi
- Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara

**Námstilhögun:** Kennt er einu sinni í viku í stofu 122  
**Námsgögn:** Tónlis af netinu og myndir  
**Námsmat:** Lokaeinkunn byggð á Símati

## Útivist

**Kennarar:** Árný Herbertsdóttir og Ástrún Jakobsdóttir  
**Markmið:** Nemendur byggi upp almenna líkamshreysti og þrek. Efla jákvætt viðhorf til hreyfingar og jákvæða sjálfsmynd. Að nemendur svari hreyfiþörf og nýjungagirni, þekki nánasta umhverfi skólans og njóti þess að vera úti í náttúrunni.  
**Námstilhögun:** Kennt er einu sinni í viku.  
**Námsmat:** Ekkert formlegt námsmat.

## Foreldrasamstarf

Umsjónarkennari leggur mikla áherslu á gott samstarf við foreldra. Fyrsta skóladaginn er skólasetning á sal og síðan fara nemendur með umsjónarkennurum í stofur og nemendur fara síðan heim. Nemendur mæta svo daginn eftir samkvæmt stundaskrá. Í september er fundur með foreldrum þar sem ýmis málefni eru kynnt er varða skólastarfið, s.s. samræmd próf, litla upplestrarkeppnin o.fl. Foreldradagar/fundir verða tvisvar, 7. október og 2. febrúar. Þá verða einkaviðtöl foreldra, nemenda og kennara. Oftast er hægt að ná tali af kennurum í skólanum eftir kennslu. Einnig er hægt að senda tölvupóst [arnyh@isafjordur.is](mailto:arnyh@isafjordur.is) og [astrunja@isafjordur.is](mailto:astrunja@isafjordur.is) . Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann.

## Annað

Námsgreinar skarast töluvert í 4. bekk og ekki er alltaf auðvelt að greina á milli þeirra. Hér hefur verið reynt að geta flestra námsbóka og viðfangsefna en oft ná sömu bækur yfir fleiri en eina námsgrein.

<http://vefir.nams.is/namsmat/haefnividmid.html>

Einkunnir gefnar í bókstöfunum:

A, B+, B, C+, C, D+ og D.